

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 403/1990. **Karen Kinchin Eiríksdóttir**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

dánarbúi Björns Gíslasonar og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Haraldur Blöndal hrl.).

Skaðabætur. Bifreiðar. Umferðarlög. Örorka. Miski. Skattfrelsi bóta. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1990. Hún krefst þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 3.101.933 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 15% frá 31. júlí 1987 til 21. september s.á., 17% frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. s.m., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% frá þeim degi til 21. s.m., 13% frá þeim degi til 11. apríl s.á., 15% frá þeim degi til 11. júní s.á., 17% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 12% frá þeim degi 1. ágúst s.á., 10% frá þeim degi til 1. september s.á., 6% frá þeim degi til 21. s.m., 8% frá þeim degi til 21. október s.á., 9% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi 1. mars s.á., 5% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 3% frá þeim degi til 10. september s.á., en með dráttarvöxtum, „eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá á hverjum tíma“, frá þeim degi til greiðsludags og vaxtavöxtum, er leggist við höfuðstól á 12

mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. september 1991. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar með vöxtum eins og í aðalkröfu. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt í héraði og fyrir Hæstarétti ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áryjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I. Málsatvik.

Síðdegis 31. júlí 1987 varð bifreiðaárekstur á gatnamótum Kleppsvegur og Langholtsvegur hér í borg milli bifreiðanna R-287, R-50050 og R-36085. Lögregla var kvödd á vettvang og tók skýrslur af bifreiðastjórunum, skráði hjá sér nöfn vitna og gerði uppdrátt af árekstursstað. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar voru atvik að árekstrinum þau, að R-287, Fiat-fólksbifreið, var ekið af Langholtsvegi inn á Kleppsveg í veg fyrir R-50050, Saab-fólksbifreið, sem ekið var á hægri akrein austur syðri akbraut Kleppsvegur að gatnamótunum, og R-36085, Lada-fólksbifreið, sem ekið var sömu leið á vinstri akrein. Varð fyrst allharður árekstur á milli R-287 og R-50050, sem olli því, að R-50050 kastaðist yfir á vinstri akrein og á eða í veg fyrir R-36085, svo að árekstur varð á milli þeirra. Ætlun bifreiðarstjóra R-287 hafði verið að beygja til vinstri og aka vestur nyrðri akbraut Kleppsvegur.

Lögreglan lýsir skemmdum á bifreiðunum þannig: „R-287, öll vinstri hlið bifreiðarinnar og þak meira og minna beyglað og laskað. R-50050, allur framhluti bifreiðarinnar laskaður svo og vinstri hurð hennar. R-36085, hægra framaurbretti, framhöggvari, svunta o.fl. beyglað.“ Allar voru bifreiðarnar óökufærar eftir árekstrana og fjarlægðar af vettvangi með kranabifreið.

Á þessum tíma var skýjað og þurrt færi. Yfirborð gatna á umræddum slóðum var malbikað.

Á uppdrætti lögreglunnar má sjá, hvernig umhorfs var á vettvangi eftir árekstrana. Sýnir uppdrátturinn R-287 þversum á gatnamótunum gegnt syðri akbraut Kleppsvegur, og er auðsætt, að framendi R-50050 hefur skolið á vinstri hlið bifreiðarinnar. Frá vinstra afturhorni R-287 til vesturs er um fjögurra metra langt dragfar, sem bendir til þess, að bifreiðin hafi kastast til hliðar þá vegalengd við höggið frá R-50050. Hemlaför eftir vinstri hjól

R-50050 mælast á uppdrættinum um 20 metrar, en um 18 metrar eftir hægri hjól. Hemlaför eftir R-36085 mælast um 14 metrar.

Bifreiðinni R-287 ók eigandi hennar, Björn Gíslason, tæplega 81 árs gamall, en bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Sjónvá-Almennum tryggingum hf. Áfrýjandi ók R-50050, en R-36085 ók Rósa Guðný Jónsdóttir.

Lögreglan tók skýrslur af öllum bifreiðastjórunum á vettvangi. Nokkrum dögum síðar gáfu bifreiðastjórar R-287 og R-50050 sjálfstæðar skýrslur hjá lögreglunni svo og tvö vitni, Pétur Einar Traustason og Lárus Fjeldsted. Bifreiðastjórar R-50050 og R-36085 gáfu og skýrslur á bæjarþingi Reykjavíkur ásamt nefndum vitnum og Þóreyju Halldórsdóttur. Var þá liðið nokkuð á fjórða ár frá umræddum atburði og bifreiðarstjóri R-287 látinn. Verður hér á eftir rakið hið helsta úr þessum skýrslum.

Bifreiðarstjóri R-287 greindi lögreglunni svo frá á vettvangi, að hann hefði stöðvað bifreið sína á Langholtsvegi við gatnamótin fast á eftir annarri bifreið og beðið þar nokkra stund. Er þeirri bifreið var ekið af stað og beygt áleiðis vestur Kleppsveg, hefði hann ekið hægt af stað. Kvaðst hann hafa horft eftir umferð úr vestri og talið sig hafa séð til ferða R-50050, en fundist bifreiðin vera það langt undan, að sér væri óhætt að „aka í beygjuna“.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni kvað bifreiðarstjóri R-287 framangreinda frásögn rétta í aðalatriðum og gerði engar athugasemdir við vettvangsuppdrátt. Skýrði hann nú svo frá, að hann hefði horft til umferðar, en enga séð og einskis orðið var, fyrr en árekstur varð. Hann kvaðst ekki hafa séð R-50050 fyrir áreksturinn og ekki minnast annarrar umferðar.

Áfrýjandi skýrði lögreglunni svo frá á vettvangi, að hún hefði ekið á um 60-65 km hraða og ætlað beint áfram. Hún kvaðst hafa veitt R-287 athygli, er bifreiðin nálgadist gatnamótin mjög hægt. Hefði hún í fyrstu treyst því, að bifreiðarstjórinn staðnæmdist og biði þess, að hún æki yfir gatnamótin. Þegar henni varð ljóst, að ekki yrði af því, hefði hún snögghemlað og reynt að sveigja undan til vinstri, en það ekki nægt til að afstýra árekstri. Hún kvaðst ekkert hafa vitað af R-36085, fyrr en sú bifreið skall á vinstri hlið hennar bifreiðar andartaki eftir áreksturinn milli R-287 og R-50050.

Áfrýjandi staðfesti við yfirheyrslu hjá lögreglunni, að uppdráttur

af vettvangi væri réttur og að hún hefði nefnt 60-65 km hraða, er lögreglan innti hana eftir ökuhraða. Hún kvaðst hafa orðið fyrir taugaáfalli við áreksturinn og nefnt þessar tölur án þess að vita, hve hratt hún ók, enda hefði hún ekki litið á hraðamælinn. Kvaðst hún telja, að hraðinn hefði ekki verið meiri en 50 km, og miðaði þá við, að hún hefði ekið á svipuðum hraða og R-36085 var ekið.

Í aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur kvaðst áfrýjandi hafa tjáð lögreglunni á vettvangi, að hún vissi ekkert um ökuhraða bifreiðar sinnar, þar sem hún hefði ekki verið að horfa á hraðamælinn fyrir áreksturinn. Er lögreglan þráspurði um hraðann, hefði hún að lokum svarað því til, að hann hefði ef til vill verið 50-60 km. Í aðilaskýrslu sinni kvaðst áfrýjandi telja, að láta myndi nærri, að hún hefði ekið á þeim hraða. Kvaðst hún hafa vitað, að hámarkshraði á umræddum slóðum væri 50 km.

Rósa Guðný Jónsdóttir skýrði lögreglunni svo frá á vettvangi, að hún hefði ekið R-36085 á 45-50 km hraða og ætlað beint áfram. Bifreið sín hefði verið rétt fyrir aftan R-50050, og hefði hún séð, að árekstur myndi verða milli þeirrar bifreiðar og R-287. Hefði hún þá snögghemlað, en R-50050 kastast til og lent yfir á vinstri akrein eftir áreksturinn við R-287. Hún hefði því ekkert svigrúm haft til að afstýra árekstri við R-50050.

Í vitnaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur kvaðst Rósa Guðný ekki lengur geta gert sér nákvæma grein fyrir hraða sinnar bifreiðar, en taldi hann hafa verið um 50 km. Hún kvaðst ekki hafa veitt R-50050 sérstaka athygli fyrir áreksturinn og ekki geta fullyrt um ökuhraða þeirrar bifreiðar, en hún álití, að hann hefði verið svipaður og hraði sinnar bifreiðar. Vitnið kvað R-287 hafa verið ekið á hægri akrein Langholtsvegur að gatnamótunum.

Pétur Einar Traustason skýrði svo frá í skýrslu hjá lögreglunni, að hann hefði umrætt sinn ekið bifreið á vinstri akrein norður Langholtsveg og stöðvað hana við Kleppsveg. R-287 hefði verið ekið á hægri akrein Langholtsvegur og einnig verið stöðvuð við Kleppsveg. Hann kvaðst hafa séð til ferða R-50050 og R-36085 austur Kleppsveg, og vegna þeirra hefði hann beðið við gatnamótin. Á meðan hann beið, hefði sér orðið litið til bifreiðarstjóra R-287 og séð, að hann hallaði sér fram á stýrið til að horfa eftir umferð, en ók síðan hægt af stað inn á Kleppsveg í veg fyrir bifreiðarnar

tvær, sem þá áttu skammt ófarið að gatnamótunum. Hann kvaðst hafa séð, að báðum bifreiðunum var hemlað, þegar R-287 var ekið í veg fyrir þær, en það hefði ekki nægt til að afstýra árekstri. Pétur kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við hraða bifreiðanna og taldi hann hafa verið öðrum hvorum megin við 50 km.

Lárus Fjeldsted greindi frá því í skýrslu hjá lögreglunni, að hann hefði verið farþegi í bifreið Péturs Einars Traustasonar. Hann kvaðst hafa séð til ferða R-50050 og R-36085, meðan bifreið þeirra stóð á vinstri akrein Langholtsvegur við gatnamótin, og hefði sér virst hraði þeirra eðlilegur. Hann kvaðst hafa veitt því athygli, er R-287 var ekið hægt inn á Kleppsveg í veg fyrir bifreiðarnar. Virtist honum bifreiðarstjóri R-287 taka eftir bifreiðunum, er hann var kominn inn á gatnamótin, og þá stöðva bifreið sína. Rétt í þann mund hefði hann heyrt hemlaðskur og árekstrarnir orðið í framhaldi af því.

Í vitnaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur kvað Lárus Fjeldsted R-287 hafa verið hægra megin við bifreið þá, sem hann var farþegi í. Hann kvaðst minnst þess, að sér hefði fundist hraði R-50050 vera ekki minni en 50-60 km.

Þórey Halldórsdóttir var farþegi í R-50050. Í vitnaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur kvaðst hún telja, að hraði þeirrar bifreiðar hefði verið um 50 km.

II. Bótaábyrgð

Stöðvunarskylda var á Langholtsvegi við Kleppsveg á umræddum tíma. Samkvæmt 4. mgr. 48. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968 bar bifreiðarstjóra R-287 skilyrðislaust að nema staðar við gatnamótin, svo sem hann og gerði. En áður en hann ók af stað aftur, var honum skylt að sýna ýrtruðu varúð og víkja fyrir umferð ökutækja um Kleppsveg. Þessarar brýnu skyldu gætti bifreiðarstjóri R-287 ekki, er hann ók inn á gatnamótin í veg fyrir R-50050 og R-36085, sem leitt er í ljós, að þá áttu skamman spöl ófarinn að þeim, og knúði með því stjórnendur þeirra til nauðhæmlunar. Þá ók bifreiðarstjóri R-287 að gatnamótunum á hægri akrein Langholtsvegur, þótt ætlun hans væri að beygja til vinstri vestur Kleppsveg. Þetta var andstætt fyrirmælum í 2. mgr. 46. gr. laga nr. 40/1968 og mjög varhugavert með tilliti til þess, að kyrrstæð bifreið

var honum á vinstri hönd við gatnamótin, sem hlaut að torvelda honum útsýn vestur syðri akbraut Kleppsvegur og þeim, sem óku austur Kleppsveg að gatnamótunum, að sjá R-287 og varast í tæka tíð ótímabæran akstur þeirrar bifreiðar inn á gatnamótin. Með þessum ólögsmæta akstri, sem var í senn mjög afbrigðilegur og stórhættulegur, átti bifreiðarstjóri R-287 meginsök á því, að R-50050 skall á bifreið hans.

Hámarkshraði á Kleppsvegi, sem nú heitir Sæbraut, var í júlí 1987 50 km á klukkustund, en hækkaður tæpum fimm mánuðum síðar í 60 km, sbr. 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987, sem gefin var út 22. desember 1987. Þegar virt eru hemlaför eftir R-50050 og önnur ummerki á uppdrætti lögreglu af vettvangi svo og þegar litið er til þess, að miklar skemmdir urðu á þeirri bifreið og R-287, þykir sýnt, að R-50050 hafi verið ekið talsvert yfir hámarkshraða, er bifreiðin nálgadist umrædd gatnamót. Verður árekstur bifreiðanna að nokkru rakinn til þess.

Með skírskotun til þessa og 68. gr. laga nr. 40/1968 ber að skipta sök á árekstrinum. Þykir eftir atvikum rétt að líta svo á, að bifreiðarstjóri R-287 hafi átt 3/4 sakar, en áfrýjandi 1/4. Samkvæmt því bera stefndu óskipt fébótaábyrgð að 3/4 á tjóni áfrýjanda af völdum árekstursins, sbr. 69. og 70. gr. laga nr. 40/1968.

III. Tjón áfrýjanda

Áfrýjandi var flutt af slysstað á slysadeild Borgarspítalans. Í ýtarlegu læknisvottorði Gunnars Þórs Jónssonar, yfirlæknis þar, frá 11. nóvember 1988 segir meðal annars á þessa leið:

„Samantekt:

Sjúkl. fékk áverka á hægri hné og vinstri hönd við bifreiða-árekstur þ. 31/7 1987. Einkenni frá hendi löguðust á fyrstu vikunum.

Einkenni frá hné, sem getið var um, að hefði rekist í mælaborð, við fyrstu komu voru lítil í byrjun, en sjúkl. kom vegna vaxandi einkenna þaðan þ. 17/8 1987. Hún hefur síðan haft veruleg einkenni frá hnénu við alla áreynslu, einkum við hnébeygjur og stiga- og brekkugang.

Við klíníska skoðun hefur sjúkl. öll einkenni um chondromalaciu, það er sköddun á liðbrjóski hnéskeljar með sársauka við álag

á þann lið, sem verður mest við hnébeygjur, stiga- og brekkugang.

Eftir meðferð hjá sjúkraþjálfara hefur ástand batnað nokkuð, en sjúkl. hefur þó áframhaldandi einkenni frá hnénu og greinilega minnkaða vinnugetu.

Meiðsli þessi má augsýnilega rekja til framangreinds bílslyss.

Horfur:

Chondromalacia eða sköddun á liðbrjóski hnéskeiðar með álags-sársauka veldur mjög sennilega áframhaldandi einkennum í langan tíma við áreynslu á hnéskeiðarlið. Talsverð hætta er á að fá slitgigt í liðinn er fram líða stundir. ...“

Stefán Bogason tryggingalæknir mat örorku áfrýjanda af völdum slyssins. Í örorkumatinu, sem dagsett er 12. apríl 1989, segir meðal annars:

„Slasaða var í vinnu í veitingahúsinu Sælkeranum þegar hún lenti í slysinu. Treysti sér ekki til þeirrar vinnu aftur en byrjaði í ... Ármúlaskóla 01.09. og var þann vetur. Tók þátt í öllu nema sundi og leikfimi. Fór versnandi í hnénu, þoldi illa gang eða reyna nokkuð á hnéð og bólgnaði við alla áreynslu og fékk verki. Hún fór að vinna á bar um helgar með skólanum en hætti því um vorið 1988, var þá orðin það slæm í hnénu. Hún fór að vinna á Póstgíróstofunni við skrifstofustörf í janúar 1988 og hefur verið þar síðan í fullu starfi.

Hún er enn með verki í hnénu við áreynslu, fær verki og stirðleika og á erfitt með að ganga, sérstaklega stiga. Getur ekki gengið nema stutt á götu vegna þreytu, bólgnar enn við gang. Hún kveðst vera orðin alveg góð í hendinni, segir að hnéð vilji stundum gefa sig þegar hún sé bólgin. Var í sjúkraþjálfun um tíma vegna vöðvarýrnunar og lagaðist og hefur stundað heimaæfingar síðan. ...

Álit.

... Við skoðun nú er vinstra hné ekki bólgið. Hreyfingar eru góðar, en það er sárt að hreyfa hnéskeiðina. Slasaða mun hafa fengið sköddun á liðbrjóski hægri hnéskeiðar og má búast við varanlegum einkennum frá þeim áverka og er talsverð hætta á að hún fái slitgigt í liðinn er fram líða stundir.

Tímabundin og varanleg örorka af völdum þessa slyss þykir hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í einn mánuð	100%
Eftir það talið í fjóra mánuði	50%
Varanleg örorka	20%“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur tvívegis reiknað út áætlað örorkutjón áfrýjanda, 3. júní 1989 og 10. september 1990. Byggir áfrýjandi kröfugerð sína á seinni útreikningnum. Áfrýjandi er fædd 25. nóvember 1969 og var því 17 ára, er hún varð fyrir umræddu slysi. Tekjur hennar til frambúðar eru í útreikningi þessum áætlaðar þannig, að frá og með 22. aldursári er miðað við 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Á þessum tíma voru 75% af þeim tekjum 1.079.200 krónur á ári. Á 21. aldursári er reiknað með 92% af þessum tekjum og lækkandi um 8% á ári niður í 68% á 18. aldursári. Nemur örorkutjón áfrýjanda reiknað á þenna hátt:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 126.100
Vegna varanlegrar örorku	— 2.737.200

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins er í örorkuútreikningnum áætlað 6% af tjóni vegna varanlegrar örorku. Nemur það samkvæmt því 164.200 krónum.

Áfrýjandi fékk eftir slysið 9.824 krónur í dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins og 429.101 krónu í örorkubætur, sem greiddar voru í einu lagi 16. júní 1989. Verðmæti þessara greiðslna nemur 341.500 krónum miðað við slysdag.

Áfrýjandi sundurliðar þannig fjárhæð endanlegrar kröfu sinnar:

1. Tjón vegna tímabundinnar örorku	kr. 42.033
2. Tjón vegna varanlegrar örorku	— 2.737.200
3. Verðmæti lífeyrisréttinda	— 164.200
	Kr. 2.943.433

Frá dregst verðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins	— 341.500
	Kr. 2.601.933

4. Tjón vegna miska	— 500.000
Samtals	kr. 3.101.933

Um 1. lið.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti varð samkomulag um fjárhæð þessa kröfuliðar.

Um 2. og 3. lið.

Stefndu mótmæla fjárhæðum þessara kröfuliða sem of háum. Leggja þeir áherslu á, að við mat á örorkutjóni beri að draga frá vegna skattfrelsis örorkubóta 39,75%, sem var á þessum tíma staðgreiðsluhlutfall opinberra gjalda, svo og 5% vegna hagræðis af greiðslu bótanna í einu lagi. Á þetta verður ekki fallist, sbr. dóm Hæstaréttar 19. nóvember 1992 í máli nr. 13/1991 og dóm Hæstaréttar, upp kveðinn í dag í máli nr. 141/1990.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, hliðsjón höfð samkvæmt dómvenju af skattfrelsi örorkubóta, hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi og öðru, sem hér skiptir máli, og dregið hefur verið frá verðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, þykir örorkutjón áfrýjanda hæfilega metið 1.900.000 krónur.

Um 4. lið.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um meiðsli áfrýjanda og afleiðingar þeirra, má fallist á, að tjón vegna miska sé hæfilega metið 200.000 krónur.

IV. Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón áfrýjanda samtals 2.142.033 krónum (42.033 + 1.900.000 + 200.000). Verða stefndu dæmdir til að greiða henni óskipt 3/4 hluta þeirrar fjárhæðar, 1.606.525 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði segir.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 650.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er tekinn með útlagður kostnaður áfrýjanda af gagnaöflun og rekstri málsins, samtals 109.835 krónur, sem ekki sætti andmælum af hálfu stefndu. Hins vegar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það er athugavert við hinn áfrýjaða dóm, að atvikalýsingu er áfátt að því leyti, að í hana vantar alveg framburð vitna fyrir lögreglu og dómi, sem sakarmat í dóminum er meðal annars byggt á. Þá er að engu getið mikilsverðra upplýsinga, sem uppdráttur lögreglu af vettvangi veitir. Enn fremur er sá galli á hinum áfrýjaða dómi, að læknisfræðilegum gögnum málsins og örorkuútreikningi eru engan veginn gerð viðhlítandi skil.

D ó m s o r ð :

Stefndu, dánarbú Björns Gíslasonar og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði áfrýjanda, Karen Kinchin Eiríksdóttur, 1.606.525 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 15% frá 31. júlí 1987 til 21. september s.á., 17% frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. s.m., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% frá þeim degi til 21. s.m., 13% frá þeim degi til 11. apríl s.á., 15% frá þeim degi til 11. júní s.á., 17% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 12% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 10% frá þeim degi til 1. september s.á., 6% frá þeim degi til 21. s.m., 8% frá þeim degi til 21. október s.á., 9% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi til 1. mars s.á., 5% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 3% frá þeim degi til 10. september s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól, í fyrsta sinn 10. september 1991.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 650.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. október 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. október 1990, hefur Karen Kinchin Eiríksdóttir háskólanemi, Sólheimum 23, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum á hendur dánarbúi Björns Gíslasonar, síðast til heimilis að Kaplaskjólsvogi 3, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Reykjavík, til greiðslu skaðabóta og miskabóta auk vaxta og málskostnaðar vegna slyss, sem hún varð fyrir 31. júlí 1987, 17 ára að aldri, fædd 25. nóvember 1969. Slysið varð með þeim hætti, að Björn heitinn Gíslason, f. 30. júní 1906, ók fólksbifreið sinni, R-287, af hægri akrein eystri akbrautar Langholtsvegar

norður yfir Kleppsveg og hugðist beygja til vinstri. Stöðvunarskylda er á Langholtsvegi gagnvart umferð um Kleppsveg. Stefnandi kom akandi á fólksbifreiðinni R-50050 austur Langholtsveg á hægri akrein. Hún nauðhemlaði, þegar hún varð vör ferða Björns heitins, en bifreið hennar rakst á bifreið Björns, kastaðist til vinstri og lenti við það í árekstri við þriðju bifreiðina, sem ekið var eftir vinstri akrein syðri akbrautar Kleppsvegar. Stefnandi slasaðist við áreksturinn og var flutt á sjúkrahús.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér að óskiptu 3.527.500 kr. með [náðar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Til frádráttar stefnukröfum komi greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins, að fjárhæð 341.500 kr., miðað við slysdag.

Stefndu krefjast þess, að sök verði skipt og að stefndu verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á því, að Björn heitinn hafi borið alla sök á árekstrinum og tjóni stefnanda með því að virða ekki aðalbrautarréttinn, en bifreið hans var ábyrgðartryggð hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., sem nú hefur sameinast Almennum trygginum hf. í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Af hálfu stefndu er byggt á því, að skipta beri tjóninu að tiltölu við sök, og því haldið fram, að stefnandi hafi ekið of hratt, svo að hæfilegt sé, að hún beri þriðja hluta tjóns síns sjálf.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, sagði stefnandi lögreglumönnum, sem komu á vettvang, að hún hefði ekið á 60-65 km hraða m/v klst., þegar hún sá til ferða Björns heitins. Hún kannaðist við fyrir rannsóknarlögreglu 12. ágúst 1987 að hafa sagt þetta, en sagðist þá telja, að hún hefði ekki ekið hraðar en á 50 km hraða m/v klst. Hér fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa sagt við lögreglu á vettvangi, að hún hefði ekið „kannski“ á 50-60 km hraða, og bar við, að hún hefði verið í „sjokki“. Hún heldur því fram í málinu, að hún hafi ekið á löglegum hraða.

Telja verður óumdeilt, að ökumaður R-287 hafi átt höfuðsök á árekstrinum, þegar til þess er litið, hversu harður áreksturinn varð, og þegar framburður stefnda og vitnaframburður er metinn, þykir verða að leggja til grundvallar, að akstur stefnanda hafi farið í bága við ákvæði 1. mgr. 37. gr., 49. gr. og 1. mgr. 50 gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. 1. nr. 16/1977. Þykir því skv. ákvæðum 68. gr. laga nr. 40/1968 bera að skipta sök. Með hliðsjón af dómiðkun þykir mega fallast á það með stefndu, að hæfilegt sé, að stefnandi beri sjálf einn þriðja hluta tjóns síns.

Stefnandi meiddist á höfði, fingri og hné. Höfuð- og fingurmeinið greru fljótlega, en af hnémeininu hlaut hún örorku. Stefán Bogason læknir mat örorku stefnanda þannig 12. apríl 1989:

Frá slysdegi talið í einn mánuð	100%.
Eftir það í fjóra mánuði	50%.
Eftir það varanlega	20%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur mat höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi þannig 10. september 1990:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 126.100
— varanlegrar örorku	— 2.737.200
Samtals	kr. 2.863.300

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda var áætlað 164.200 kr.

Stefnandi hefur fengið 438.915 kr. frá Tryggingastofnun ríkisins, og reiknast þær 341.500 kr. á slysdegi.

Varðandi mat á tjóni stefnanda deila aðilar um, hvernig meta beri skattfrelsi bóta og hagræði af eingreiðslu til lækkunar, og um fjárhæð tjóns vegna tímabundinnar örorku og miska. Við aðalflutning málsins var vaxtakröfu mótmælt og því haldið fram, að reikna bæri vexti í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðingsins til útreikningsdags.

Fallist var á þetta sjónarmið af hálfu stefnanda, en tryggingastærðfræðingurinn hefur við útreikning höfuðstólsverðmætis fram að útreikningsdegi notað einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands.

Stefnukrafan sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón skv. útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar	kr. 2.863.300
2. Töpuð lífeyrisréttindi skv. útreikningi sama	— 164.200
3. Miskabætur	— 500.000
Samtals	kr. 3.527.500

Stefndu hafa gert svofellda grein fyrir því, hvernig þeir telja, að reikna beri kröfu stefnanda:

Tímabundin örorka	kr. 42.033
Varanleg örorka	kr. 2.737.200
Frádráttur vegna skatthagræðis 39,75%	— 1.089.131
	Kr. 1.648.069
Frádráttur vegna hagræðis eingreiðslu 5%	kr. 82.403
Nettó örorkutjón	— 1.565.666
Greiðsla frá T. R.	— 1.607.699
	— 341.500
	kr. 1.266.199

Miskabætur	kr. 150.000
	kr. 1.416.199
Töpuð lifeyrisréttindi	— 164.200
	kr. 1.580.399
1/3 sakar	— 526.799
	Kr. 1.053.600

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að frádráttur vegna miska og skattahagræðis í útreikningi stefndu sé í ósamræmi við dómvenju, og bent á, að skattfrelsi bóta sé ætlað að bæta hag tjónþola, en ekki tjónvalds.

Við ákvörðun bóta til stefnanda þykir bera að hafa hliðsjón af örorkumati og örorkutjónsútreikningum. Líta ber til hagræðis af eingreiðslu til lækkunar svo og til skattfrelsis bóta. Þegar þess er gætt, að stefnandi varð fyrir slysinu í skólaleyfi og að því lauk 31. ágúst, en tryggingafræðingurinn gerir ráð fyrir 68% tekjum á 18. aldursári og 76% tekjum á 19. aldursári, þykir við mat á fjárhagstjóni vegna tímbundinnar örorku verða að víkja nokkuð frá áætlun tryggingafræðingsins.

Þegar litið er til þeirra atriða í heild, sem gæta ber við ákvörðun framtíðartjóns stefnanda, úrlausna dómstóla í sambærilegum málum, verðlagsbreytinga og vaxtaforsendna, þykir verða að fallast á áætlun stefndu um örorkutjón stefnanda. Þegar litið er til dómiðkunar og hinna sérstöku atvika málsins, þykir einnig verða að fallast á áætlun stefndu um miska. Samkvæmt þessu þykja bætur til stefnanda eftir sakarskiptingu hæfilega ákveðnar 1.053.600 kr. auk vaxta, eins og greinir í dómsorði. Stefnandi þykir eiga rétt á að fá bætur þessar óskertar, og verður því ekki fallist á kröfu stefndu um, að málskostnaður verði felldur niður, en hann þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr. að teknu tilliti til virðisaukaskattsskyldu.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dánarbú Björns Gíslasonar og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda að óskiptu 1.053.600 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum] og 200.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.